

S A M Þ Y K K T

fyrir veiðifélag Selár.

150
3. ágúst

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélagið Selá. Heimili þess og varnarþing er Gilsstaðir í Hrófbergshreppi, Strandasýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Selá, en þær eru Bassastaðir I, Bassastaðir II, Bólstaður, Gilsstaðir, Geirmundarstaðir, Grænanes I, Grænanes II.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagssmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi úr annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í desembermánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53 frá 1957 um lax- og silungsveiði.

- 150** Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957 um
3. ágúst lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni
öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 222/1943.

Landbúnaðarráðuneytið, 3. ágúst 1960.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

151

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1959.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1959 B., bls. 359):	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 65538.71
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	— 3670.17
	<hr/>
	Samtals kr. 69208.88

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 69208.88
	<hr/>
	Samtals kr. 69208.88

Í samgöngumálaráðuneytinu, 28. marz 1960.

Páll Pálmason.

152

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Páls Jónssonar árið 1959.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1959 B., bls. 358):	
Innstæða í Landsbankanum	kr. 1172.50
2. Vextir af bankainnstæðu	— 58.60
	<hr/>
	Samtals kr. 1231.10

Gjöld:

Sjóður til næsta árs í Landsbankanum	kr. 1231.10
	<hr/>
	Samtals kr. 1231.10

Í samgöngumálaráðuneytinu, 28. marz 1960.

Páll Pálmason.